



Lima-fimi.

Skemmtilegur leikur en krefst þess að hópurinn séu vel kunnugir innbyrðis og hafi mikla innri hvatningu til að hnoðast svona.

Yfirlit:

Stjórnandi gefur hópnum fyrirmæli um hversu margir útlímir megi snerta jörð og hópurinn verður að raða sér upp þannig að það takist.

Hvað þarftu:

Rúmgott svæði og 5-8 manna hóp. Ef það eru fleirri þá er þetta keppni á milli hópa.

Hvað á að gera:

Hópurinn tekur sér stöðu og bíður skipanna frá stjórnanda um hvernig eigi koma sér fyrir. Skipanir geta verið margvíslegar, t.d. aðeins sex fætur koma við gólfið.

Hópurinn hefur aðeins tvær mínútur til að framkvæma og þegar þau eru tilbúinn þá verða þau að halda stöðu sinni þar til að stjórnandi hefur talið upp á tíu. Stjórnandi getur síðan þyngt fyrirmæli sín eftir því sem á líður, t.d. aðeins þrjú fætur og þrjár hendur mega snerta gólfið o.s.frv.

Leikurinn er opinn fyrir túlkun hjá stjórnanda og ef þetta er keppni þá er hún útfærð eftir geðþótta stjórnanda. Þessi leikur getur verið góð uppfylling ef að hópar eru stopp í smá tíma í miðri dagskrá.